

Fundargerð 1. fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags. 4. júlí 2019 kl. 11:00.

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Sigríður Halldórsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Halldóra Pálsdóttir og Elías Pétursson formaður, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Rekstur fyrstu fimm mánuði ársins

Rekstrarstjóri og hjúkrunarforstjóri fóru yfir reksturinn fyrstu fimm mánuði ársins, afkoma er lakari en áætlun gerði ráð fyrir og lakari en sama tímabil 2018. Launakostnaður er ríflega fimm milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir ásamt og hærri en á sama tímabili fyrra árs. Vöru- og þjónustukaup eru heilt yfir á áætlun.

2. Staða á framkvæmdum

Ekki hefur tekist að fá verktaka til að taka áætlaðar endurbætur eldra húss að sér, áfram verður unnið að því að finna verktaka.

3. Starfsmannamál

Töluverðar breytingar eru að verða í starfsmannahaldi en allar stöður eru mannaðar.

4. Önnur mál

- a. Farið yfir ýmis mál er varða skipulag starfs hjúkrunarfræðings og starfshlutfall.
- b. Stjórn þakkar Söru og Sigríði fyrir vel unnin störf og bíður Halldóru velkomna til starfa

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.